

Rangárþing eystra
Austurvegur 4
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 9. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0040
BK

Efni: Butra – Lýsing á breytingu á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 1. desember 2023, þar sem Rangárþing eystra óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi. Til stendur að breyta 25 ha svæði úr landi Butru úr landbúnaðarlandi í skógræktar- og landgræðslusvæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Líkt og fram kemur í lýsingunni, þá er svæðið á Suðurlandsundirlendi sem hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, meðal annars vegna mikils þéttleika vaðfugla. Flestar þessara tegunda eru svokallaðar ábyrgðartegundir Íslands og er þá miðað við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum.

Langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast ekki í skóglendi (Tómas Grétar Gunnarsson, 2020). Við skógrækt tapast ekki einungis það svæði sem fer undir hana heldur hefur skógur einnig jaðaráhrif sem nær töluverða vegalengd út frá honum. Þessi jaðaráhrif lýsa sér þannig að þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær (Pálsdóttir o.fl. 2022). Því getur búsvæðatap vaðfugla vegna skógræktar verið umtalsvert meira en augljóst er í fyrstu

Flóðslétta Fljótshlíðar fóstur mikið fuglalíf. Má þar sérstaklega nefna spóa en búsvæði af þessu tagi eru kjörlandi hans hér á landi með einhvern mesta þéttleika sem þekktist í heiminum. Þéttleiki margra annarra vaðfugla er einnig hár og þá er kjói mjög algengur á svæðinu en hann er á valista sem tegund í hættu. Þessum búsvæðum er víða ógnað, s.s. vegna skógræktar og framrásar lúpínu og nú á seinni árum einnig vegna uppbyggingar frístundabyggða og ferðaþjónustu.

Í greinargerðinni er vitnað í Landskipulagsstefnu 2015-2026:

„Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi...“

Einnig eru taldir upp skilmálar fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði í aðalskipulagi:

„Við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag og ásýnd svæða og að skógur spilli ekki góðum útsýnisstöðum.“

og



„Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spillt s.s. vegna náttúrufars, votlendis, auðlinda, útivistargildis, fornleifa og söguminja verði skógrækt að jafnaði takmörkuð eða óheimil óháð stærð svæðis“

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að skipulagið fari gegn ofangreindri stefnu og skilmálum og að hlífa beri flóðsléttu Fljótshlíðar við frekari skógrækt. Auk þess að stuðla að tapi og uppbroti (e. fragmentation) á búsvæðum fugla, þá fellur skógrækt á þessu víðfeðma flatlendi illa við umhverfið. Innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis má greinilega sjá á loftmyndum þurra farvegi jökuláa en jökuláreyrar og flóðsléttur skapa sérstætt landslag á Íslandi. Skógrækt og ásókn lúpínu munu raska þessum myndunum og með tíma breyta ásynd svæðisins.

Náttúrufræðistofnun vill hvetja sveitarfélagið til að íhuga friðlýsingu á samfelldum, óröskuðum svæðum á þessum slóðum og með því vernda búsvæði fugla meðan enn er kostur á því. Einnig er mikilvægt að reyna að hefja frekari útbreiðslu lúpínu á flóðsléttunni.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Heimildir:

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

